

## GJALDSKRÁ

**fyrir meðhöndlun númerslausra bíla í Ísafjarðarbæ.**

1. gr.

Fyrir meðhöndlun númerslausra bíla skal Ísafjarðarbær innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um umgengni og þrífnað utan húss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarða nr. 910/2015.

2. gr.

Við geymslu númerslaus bíls skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrir álímingu aðvörunarmiða kr. 2.796.

Fyrir flutning bíls á geymslupláss kr. 23.927.

Fyrir geymslu í 45 daga kr. 5.720.

Fyrir eyðingu kr. 5.125.

3. gr.

Við afhendingu númerslaus bíls ber að innheimta grunnkostnað kr. 26.723 og geymslugjald kr. 890 fyrir hverja viku sem bíllinn hefur verið í geymslu.

4. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 14 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, með heimild í 59. gr. og 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, staðfestist hér með og öðlast gildi við birtingu.

*Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 18. janúar 2018.*

**Gísli Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. febrúar 2018